

**Sp.**

### **38. Tillaga til þingsályktunar**

[35. mál]

um 10 ára áætlun um bundið slitlag á vegum.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Jón Helgason, Alexander Stefánsson,  
Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um að leggja bundið slitlag á hringveginn umhverfis landið til Vestfjarða og um Snæfellsnes og um fjáröflun til þeirra framkvæmda.

Miða skal við að vinna verkið á 10 árum, en dreifa kostnaði á lengri tíma með lántökum.

Áætlun þessa skal fella að hinni almennu vegáætlun og öðrum framkvæmda-áætlunum landsmanna á sama tíma.

Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi, þegar það kemur saman að ári.

#### **Greinargerð.**

Á nokkrum áratugum hafa Íslendingar lagt vegi um allt land og brúað árnar svo akfært er heim að hverju byggðu bóli. En slík er fjölgun bifreiða og svo örar eru breytingar á atvinnu og lifnaðarháttum, að til vandræða horfir hversu seint sækist að byggja upp vegakerfið. Ófullkomin uppbygging vega í snjóahéruðum, takmarkað burðarþol eldri vega og hrjúft yfirborð malarveganna tálmar greiðri umferð. Vöntun bundins slitlags veldur miklum viðhaldskostnaði á vegunum sjálfum. Af sömu ástæðum verður notkun eldsneytis og einkum viðhald ökutækja margfalt meira en ella. Er nú svo komið, að flestir eru á einu máli um að brýna nauðsyn beri til að vinna að endurbótum vegakerfisins með meiri hraða en nú á sér stað.

Með þessari tillögu er lagt til að taka sérstaklega fyrir ákveðinn og alldýran þátt vegaf framkvæmda og vinna að honum með samfelldu átaki á tiltölulega skömmum tíma, en dreifa greiðslu kostnaðar á lengri tíma með lántökum. Aðrar vegaf framkvæmdir mundu ekki líða við þetta, heldur þvert á móti. Án sérstakra ráðstafana hlýtur lagning bundins slitlags á aðalvegi að krefjast mjög verulegra fjármuna af hinni almennu vegáætlun á næsta áratug.

Nú hefir geisad verðbólga og er því þörf aðhaldssamrar stefnu í efnahagsmálum. Eigi að síður verður þjóðin að undirbúa stór átök í framfaraátt, bæði almennt og á þeim sviðum sem rétt þykir að njóti nokkurs forgangs. Að láta það ógert væri fjarri öllu lagi og hið mesta óráð.

Við höfum um hríð notað mikið erlent lánsfé og er þörf aðgæslu á þeim pósti. Það fer þó ekki milli mála að skynsamlegt hefur verið að flýta ýmsum framkvæmdum, t. d. við varmaveitur, á þann hátt, enda skila þær ágætum arði og spara dýrmætan gjaldeyri.

Við gerð áætlana samkvæmt tillögu þessari, ef samþykkt verður, þarf að gæta allrar hagkvæmni og meta hlutlægt kostnað og ábata af þeim framkvæmdum, sem þar um ræðir. En það er skoðun flutningsmanna að slíkt mat muni leiða í ljós beina arðsemi umræddra framkvæmda, auk hins óbeina hagnaðar, sem seint verður metinn til peningaverðs. Með sérstökum aðgerðum til að leysa þetta afmarkaða viðfangsefni vinnst tvennt í senn: að flýta lagningu bundins slitlags á aðalvegi og aukið svigrúm til annarra framkvæmda í vegamálum.